

Vésteinn Ólason

*Bókmenntarannsóknir Stefáns Einarssonar*

Erindi flutt á Breiðdalssetri á Stefánsdegi 11. júní 2011

Stefán Einarsson hefur lýst tildrögum bókmenntarannsókna sinna og framvindu í eftirmála bókarinnar *Skáldaþing*, safni greina um íslenskar bókmenntir sem birtist í Reykjavík árið 1948. Þar segir hann:

Þegar ég kom vestur um haf haustið 1927, hafði ég hugsað, að mér mundi ef til vill gefast tækifæri til að sækja Ísland heim á sumrum og ferðast um landið til að gera athuganir á íslenskum mállýzkum. Hins vegar vildi ég gjarnan hafa eitthvert annað íslenskt rannsóknarefni til ígripa hér vestan hafsins og lá þá nokkuð beint fyrir að taka til meðferðar hina mjög vanræktu bókmenntasögu 19.–20. aldar. En ég var enginn bókmenntafræðingur og treysti mér því miðlungi vel til verksins, ekki sízt hvað kveðskapinn snerti. Sumarið 1928 hittumst við Richard Beck í Ípöku, í íslenska bókasafninu þar, í fyrsta sinn. Færði ég þá hugmynd mína í tal við hann og spurði, hvort hann vildi ekki taka að sér ljóðskáldin. Var hann til þess fús, enda sjálfur ljóðskáld (*Skáldaþing*, 471).

Stefán gerir síðan grein fyrir hvernig greinar hans urðu til; hann safnaði efni um rithöfundana úr blöðum og tímaritum,

auk þess sem ég reyndi að vinna úr því í greinum þeim, sem hér eru prentaðar, auk nokkurra annarra um skylt efni ásamt bæklingi um Þórberg Þórðarson fimmtugan, og ævi Halldórs Laxness, er ég tók saman 1930 sem einskonafræði að *Vefaranum mikla*, þótt sú bók bíði enn prentunar.

Við þessa vinnu átti Stefán í miklum bréfaskiptum við höfunda, skrifaði þeim og leitaði upplýsinga. Varðveittur er fjöldi bréfa frá höfundum, merkilegar heimildir, um ævi þeirra og störf og sýna hvernig þeir litu sjálfir á ritstörf sín.

Bréfin eru varðveitt er með öðrum gögnum Stefáns í handritadeild Landsbókasafns, og er mikilvægt að ljúka skráningu þeirra og flokkun.

Eins og Stefán nefnir vann hann að ritun ævisögu Halldórs Laxness á árunum um 1930. Það hlýtur að vera nálægt einsdæmi að fræðimaður taki sér fyrir hendur að semja ævisögu rithöfundar sem ekki er nema 26 ára gamall þegar hugmyndin kviknar, jafnvel þótt fræðimaðurinn sjálfur sé aðeins fimm árum eldri, og höfundurinn óvenjuefnilegur. Þetta tiltæki sýnir að mínum dómi dirfsku Stefáns, og svo auðvitað að hann hafði áttað sig á einstökum hæfileikum Halldórs og því hve þroskaferill hans á æskuárum var óvenjulegur og merkilegur. Vefarinn mikli frá Kasmír sannfærði Stefán um að Halldór væri snillingur.

Þótt rit Stefáns um Halldór Kiljan hafi því miður aldrei birst opinberlega, hélt hann allmarga fyrirlestra um verk hans og birti um hann greinar auk kafla í yfirlitsritum. Hann átti þannig drjúgan hlut í að kynna Halldór og verks hans í enskumælandi heimi. Heimildasöfnun Stefáns var grundvöllur síðari rannsókna og raunar undirstaða allra frásagna af þroskasögu Halldórs Kiljans Laxness fram til þess að hann hóf ritun raunsæislegra skáldsagna með Sölku Völku. Allir síðari höfundar hafa byggt mikið á ritverkum Svíans Peters Hallberg, sem birtust upp úr miðri síðustu öld. Í greinargerð um heimildir segir Hallberg frá því að Stefán hafi látið honum í té afrit af bréfum til Halldórs, filmur af handritinu Rauða kverið og dagbók frá klausturdvöl, auk handrits að eigin verki, „þar sem hann hefur gert ýtarlega grein fyrir ævi og ritferli Laxness til loka Ameríkudvalar hans 1927–’29. Án þessara frumrannsókna hefði starf mitt orðið mun erfiðara viðfangs“ (Vefarinn mikli II, þýð. Björn Th. Björnsson. Reykjavík 1960, 229).

Aðdraganda að ritun ævisögunnar og samstarfi þeirra kumpána er hægt að kynnast í bréfaskiptum þeirra frá þessum árum. Þau hefjast þegar Halldór er í Los Angeles og Stefán kominn til Bandaríkjanna 1928. Stefán hefur skrifað honum fyrsta sumarið í Íþöku þegar áætlun hans og Ríkharðs Beck var til orðin,

en þetta fyrsta bréf er ekki varðveitt svo að ég viti. Halldór svarar Stefáni í sept. 1928 og slær úr og í um tiltækið: býst ekki við að mikið verði að græða á sögu sinni, en lofar þó að senda honum upplýsingar.

Hann vísar Stefáni á hvaða vinum hann hafi skrifað á umliðnum árum, og þau bréf verða síðan meðal meginheimild Stefáns — og síðari fræðimanna — um þroskaferil Halldórs og hugmyndaheim hans.

Þegar bókin er komin vel á rekspöl snemma á árinu 1931 sendir Stefán Halldóri afraksturinn til yfirlestrar og mats, og það er greinilegt að honum hefur ekki líkað alltof vel að líta í þann spegil sem verkið bregður upp fyrir honum: 5. maí 1931 skrifar hann:

Kæri vinur,

Þakka þér fyrir sendingarnar, þessi ævisaga mín er mjög ósympatísk, ef maður lítur á heimildirnar, ég á við bréf mín. Svona hefur þetta alt saman verið. Það er alveg merkilegt hvað ég hef verið ósympatísk fígúra, og einkennilegt, að ég skyldi altaf eiga góða vini. Ég hef gert nokkrar smávegis athuganir við fyrri sendínguna, en ekki enn gefið mér tíma til að athuga þá seinni.

Halldór segir svo að hann hefði kosið að Stefán skrifaði meira um verk hans „hrein-bókmentalega, jafnvel stílfræðilega með minni króniku-blæ og meira í stíl við móderne essayista“ og hvetur hann til að reyna að finna hinn séríslenska hljóm í verkum sínum og áhrif frá eldri verkum.

Í framhaldinu tekst Halldór á æ meira flug með mikilli mælsku þegar hann fer að lýsa eigin ritverkum. Dæmi:

Mikill partur ævi minnar hefur farið til að raða upp orðum í örvæntingarþrúnginni tilraun til að skapa litteratúr á máli, sem hefur einga tímabæra

konventiön, traditiön né skóla, þannig að manni er ekki annar kostur en spretta upp eins og töfragras hjá fakír.

Stefán bregst við þessu í bréfi sama haust, og hefur þá greinilega unnið að því að koma að nokkru leyti til móts við Halldór. Hann segir m.a. í löngu bréfi skrifuðu í Íþöku 8. ágúst 1931:

Eg er nú búinn að segja alla sögu þína niður til jólanna 1929 og ætla mér ekki að hafa hana lengri en hugsast gæti að eg bætti við einum eða tveimur köflum um þig frá psykoanalytisku sjónarmiði (sjónarmið Adlers) og bækur þínar frá bókmenntasögul. sjónarmiði. Aftur á móti er eg mjög ragur við að rita um stílinn fyrr en að lokinni rannsókn sem mundi taka mig geysilangan tíma. Eins og þú veist hefur guð ekki gefið mér neina skygnisgáfu, heldur verð eg að þreifa á hlutunum og uppgötva kanta og fleti á þann sorglega seinlega hátt.

Við þetta bætir hann svo samþjappaðri sálgreiningu á grundvelli fræðirits sem Halldór hafði sjálfur vísað honum á:

Til þess að gefa þér einhverja hugmynd um álit mitt eða skilning frá psychoanalyt. sjónarmiði skal eg geta þess, að mér virðist þú vera typískt dæmi upp á mann með inferiority complex sem snýst upp í hið hatrammasta masculine protest sem hugsast getur og gerir þig að genií.

Þessi kenning er útfærð nánar í bréfinu og síðar í lokakafla ritsins. Athyglisverð er lýsing Stefáns á sjálfum sér: hann finnur vel, þótt óvíst sé að hann harmi það, að verk hans eru ekki innblásin eins og verk Halldórs eða Þórbergs.

Fræðimaðurinn verður að draga sínar ályktanir af því sem hann finnur og getur bent á í rannsóknarefninu.

3. okt. 1931 bregst Halldór við þessari krufningu, og er alls ekki óánægður með:

Mér líst annars ágætlega á þessa síðustu sendingu þína og felli mig oft mjög vel við niðurstöður þínar, - réttmæti slíkra niðurstaðna er auðvitað mjög aðstæðubundin og undir sjáandanum komin. —

Mér finnst, að rit þitt einkenni í senn umönnun, vandvirkni og einlægni.

Til gamans langar mig að nefna, segjum að það sé tímanna tákn, að í þessu bréfi sem fjallar eingöngu um hann sjálfan og verk þeirra Stefáns, skýtur Halldór inn afsökunarbeiðni frá Ingu konu sinni sem ekki hafði getað gert Stefáni umbeðinn greiða: „hún var nefnilega að eiga krakka.“ Ekki er þar fleira um frumburð þeirra hjóna.

Þessar stuttu glefsur úr bréfum þeirra félaga gefa nokkuð ljósa mynd af samskiptum þeirra, og nokkur dæmi úr handriti Stefáns gefa hugmynd um markmið hans og vinnubrögð:

Vér höfum nú fylgt starfsemi Laxness frá því hann kom í klaustrið og fram á haust, en eigum eftir að líta nokkru nánar á sjálfan hann, fylgja sál hans fyrsta áfanga hins þrönga vegar sem leiðir til lífsins í hinni einu og sönnu kaþólsku kirkju.

Þessi sálarlífsathugun dreifist um verkið, en niðurstöðurnar eru teknar saman nærri verklokum með þessum orðum:

Yfirleitt hvarfla allar skoðanir Laxness milli þessara tveggja skauta: róttækur efi og róttæk trú. Hann hatar efann eins og pestina, og vilji hans til trúar er einlægur og rótgróinn í honum, en hvort honum tekst nokkurn tíma að höndla trúna til fulls verður framtíðin að sýna.

Í ummælum um stíllinn verður Stefán nærri því eins innblásinn og viðfangsefnið:

Stíllinn er ekki einungis spark til „hundskinnsútnáranna“, sem ávalt héngu á honum og kærðu mál hans, ekki einungis svipa reidd að siðþrýði hins ríkjandi smekks, hann er fyrst og fremst sverð, smíðað við flakkandi eld óróleikans og efans um eigin mátt og hert í eigin hjartablóði til þess að vinna með því til landa og frama í veröldinni. Og sverðið beit.

Þær glefsur sem hér hafa verið teknar upp úr þessu riti gefa mjög ófullkomna hugmynd um það, en eftir fljótlega athugun get ég fullyrt að það hefði verið nýjung í íslenskri bókmenntafræði og jafnframt mikilvægt fyrir skilning á æskuverkum Halldórs Kiljans Laxness, ef það hefði birst þegar því var lokið

árið 1932. Á því ári varð Halldór þrítugur, og vafalaust hefði mörgum fundist furðulegt uppátæki að skrifa eins konar ævisögu um svo ungan mann. Stefán svarar þessu í ritinu, nær lokum þess:

En galli mun það þykja á sögu vorri að endinn er þannig falinn í myrkva framtíðarinnar, enda hafa menn látið í ljósi við söguritarann, að þeim þætti óviturlegt hans ráð, að ætla sér að lýsa svo ófullgerðum manni er naumlega væri skriðinn úr eggi. En það er til andsvara, að umbrot þessa unga í egginu hafa verið svo eftirminnileg, og störf þessa 28 ára unglings svo merkileg og áhrifamikil í íslensku þjóðlífi, að sögumanni virtist eigi aðeins afsakanlegt heldur og mikilsvert að kynna hann alþjóð eins og kostur væri á.

Eðlilegt er að spyrja hvers vegna ekki varð af útgáfu þessa verks.

Ástæðurnar eru vafalaust ýmsar. Stefán bjó fjarri Íslandi og hafði ekki svo góðar aðstæður til að koma því á framfæri við útgefendur sem verið hefði ef hann hefði verið hér heima. Hann var ævinlega önnur kafinn og tókst á við ný og ný verk, gaf út fjölda verka á hverju ári. Ævisagan hefur því smám saman ýst til hliðar meðal áhugamála hans. Ljóst er að Halldór hafði nokkuð tvíbenta afstöðu til verksins. Annars vegar líkaði honum margt vel, en býsna nærri honum er gengið, og honum kann að hafa óað sú spegilmynd sem hann sá í verkinu, ekki síst í tilvitnunum í hans eigin orð, eins og kemur fram í bréfi hans, sem fyrr var til vitnað. Tilraun Stefáns til að beita aðferðum sálgreiningar til að skýra sálarlíf Halldórs er vissulega í anda tímans, en ber þess þó merki að þekking hans á þeim fræðum var nokkuð snöggsoðin og yfirborðskennd. Verk Stefáns er á 3. hundrað síður í skrifuðu handriti, en vélrit er einnig til. Haustið 1931 langaði Stefán að koma bókinni út fyrir jólin, en Halldór hélt það væri orðið of seint, en fannst ekki fráleitt að reyna að koma henni út fyrir þrítugsafmæli sitt í apríl 1932. Eftirmáli Skáldaþings sýnir að allt fram yfir seinni heimsstyrjöld hefur Stefán enn velt fyrir sér að gefa ritið út. Líklegt þykir mér að hann hafi endanlega horfið frá því þegar hann fékk Hallberg hráefnið til afnota og sá síðan

afraksturinn í bókum hans. Mig dreymir um að Breiðdalssetur geti átt hlut að því að bók þessi komist á prent, gjarnan ásamt úrvali úr bréfaskiptum þeirra kumpána. Betra er seint en aldrei.

Allt of langt mál yrði að reyna að gera hér grein fyrir öllum bókmenntaskrifum Stefáns. Auk Skáldaþings, sem ég nefndi í upphafi, komu út eftir hann fimm bækur um bókmenntaleg efni: Þórbergur Þórðarson fræðimaður–spáamaður – skáld fimmtugur 1939, History of Icelandic Prose Writers (Saga íslenskra lausamálshöfunda) 1800–1940 kom út 1948, History of Icelandic Literature 1957 (endurprentuð síðar), og 1961 kom Íslensk bókmenntasaga 874–1960, sem er sama verk verulega aukið, og loks Austfirsk skáld og rithöfundar 1964. Auk þessa efnis sem birtist í bókum birti Stefán mikinn fjölda greina og ritdóma í íslenskum og erlendum tímaritum, framan af einkum um samtímabókmenntir, en eftir því sem tímar liðu birti hann meira um bókmenntir og þjóðfræði fyrri alda, oft með ábendingum um erlendar hliðstæður.

Þegar Skáldaþing kom út voru tveir áratugir liðnir frá fundi þeirra Richard Beck og Stefáns í Íþöku, og Stefán hefur sannarlega ekki legið á liði sínu, eins og skrá um birt ritverk hans 1929 til 1948 leiðir í ljós. Skáldaþing er tæpar 500 bls., og þar eru tuttugu ritgerðir um íslensk ritverk og rithöfunda. Um nær allt er fjallað á grundvelli rækilegrar könnunar á frumheimildum, þeim ritverkum sem um er fjallað, en jafnframt er unnið á grundvelli nákvæmarar rannsóknar á svo kölluðum eftirheimildum, það er heimildum um ævi skáldanna, ritdómum um verk þeirra og öðru sem um þau hefur verið skrifað.

Margir þeirra höfunda sem Stefán fjallar um í Skáldaþingi nutu að verðleikum mikilla vinsælda og virðingar á fyrri hluta tuttugustu aldar en eru þó lítið lesnir nú orðið og hafa fremur lítið verið rannsakaðir af fræðimönnum. Ég nefni Jón Trausta, Einar H. Kvaran, Þorgils gjallanda, Indriða Einarsson, Guðmund Friðjónsson, Guðmund Kamban, Kristmann Guðmundsson og

Guðmund Gíslason Hagalín. Stefán var einnig snemma á ferð með greinar um Jón Thoroddsen, Gest Pálsson og Gunnar Gunnarsson. Sjá má á því sem um alla þessa höfunda hefur verið ritað síðar, bæði í sérrannsóknnum og í III. og IV. bindi nýlegrar Íslenzkrar bókmenntasögu Mál og menning, Reykjavík 1997 og 2009, að rannsóknir Stefáns hafa komið seinni fræðimönnum að verulegu gagni og sparað þeim sporin við heimildaleit.

Þótt ég hafi lagt áherslu á heimildasöfnun Stefáns má engan veginn draga þá ályktun að hann hafi verið andlaus grúskari sem tíndi saman efni handa öðrum, málfræðingur, en lausamaður á bókmenntaakrinum. Bestu greinar hans einkennast af skörpum skilningi á sérkennum höfundanna og megineinkennum verka þeirra. Ég gæti nefnt Þætti af Einari Kvaran, sem er lengsta greinin í Skáldaþingi og birtist í fimm áföngum í Eimreiðinni á árunum 1937–38. Þar lýsir Stefán mjög greinilega bæði persónueinkennum og höfundareinkennum Einars og túlkar bækur hans með samúðarskilningi, en þó engan veginn gagnrýnislaust. Verkin voru misjöfn, og það kemur skýrt fram í greininni. Þrýðilegar eru einnig greinar hans þar um Þorgils gjallanda, Guðmund Friðjónsson og fleiri höfunda, svo að lítt hefur verið um bætt síðan.

Mannskilningur og lífsviðhorf Stefáns sjálfs koma vitaskuld fram í þessum skrifum hans um samtímabókmenntirnar og miklu skýrar en í yfirlitsritum og því sem hann skrifar um bókmenntir fyrri tíma. Stefán var fjarri Íslandi í hinum hörðu hugmyndafræðilegu átökum kreppu- og styrjaldaráranna seinni, stóð alveg utan við flokkadrætti heima og var ósnortinn af þeim ástríðum sem segja má að sprottið hafi af samblandi stéttaátaka, þjóðernishyggju og pólitískrar hugmyndafræði. En hann var líka jarðbundnari alþýðumaður en svo að hann gæti hrifist af þeirri fornaldardýrkun og upphafningu sveitameningarinnar sem gætti stundum hjá lærifeðrum sem hann dáði mjög, Sigurði Nordal og Guðmundi Finnbogasyni svo ekki sé minnst á rithöfundinn



Guðmund Friðjónsson. Þar komu líka til mótvægis áhrif vina hans, Þórbergs og Halldórs Kiljans.

Í greininni um Einar H. Kvaran fjallar Stefán um hvernig sannfæring manna birtist í ólíkum myndum: sumir trúá fast og ævilangt á það sem þeim hefur verið kennt, sannfæring þeirra er ósveigjanleg, óumbreytanleg tregða; aðrir verða gripnir einhvers konar trúarsannfæringu, sterkri tilfinningu sem gagntekur manninn og sleppir ekki tókum á honum hvað sem á gengur. Síðan segir hann:

Svona trú skapar píslarvotta: menn deyja fyrir málstað sinn. Suma gerir hún að verðmætum pólitískum leiðtogum, aðra að ágætum vísindamönnum, enn aðra að sérvitringum. En flest öllum þessum mönnum ljær hin sterka tilfinning eigi aðeins staðfestu, heldur einnig kjark til varnar, ef á þá er ráðizt, og hugrekki til árásar, ef um það er að ræða að brjóta hugsjónunum, „sannfæringunni“, braut.

Svo bætir Stefán við um Einar, og gæti að hluta verið sjálfslýsing:

Þessa sannfæringu hefur Einar vantað, eins og hann líka hefur vantað hina sterku tilfinningu, er að baki liggur. Tilfinning hans hefur aldrei fallið í hinum sterka, en mjóa streng ákafamannanna. Hún hefur verið breið og grunn eins og fljót á flatlendi. Aðal-áll hennar hefur verið sannleiksástin. Með sannleiksástina að bakhjalli hefur vit Einars vakað yfir skoðunum hans og gerðum. Rólegur hefur hann vegið og metið menn og málefni, áður en hann tók afstöðu til þeirra. Og þótt hann hafi tekið sér stöðu, — eftir langa íhugun — ... þá hefur hann aldrei lokað augunum fyrir takmörkunum síns eigin sjónarmiðs né réttmæti annarra sjónarmiða (171).

Breiddin í viðfangsefnum Stefáns Einarssonar sýnir að hann var laus við einsýna og ástríðufulla þörf fyrir að sökkva sér djúpt niður í eitt viðfangsefni, að bindast einni kenningu og velja sér þröngt sjónarhorn, sem vissulega getur

skapað skarpa sýn. En sannleiksástin og eljusemin réðu því að hann vildi hafa fast undir fótum og draga sínar hófsömu ályktanir af traustum heimildum.

Fyrsta sérrit Stefáns um einn höfund var bókin um Þórberg. Þegar Stefán hóf nám við Háskóla Íslands 1918 hafði Þórbergur um nokkurra ára skeið sótt þar tíma, var orðinn vel að sér í íslenskum fræðum og sneri sér á þessum árum að orðasöfnun úr alþýðumáli. Stefán vann við Orðabók Sigfúsar Blöndals með náminu og allt þetta hlaut að leiða þá saman, enda hafa þeir átt skap saman. Kverið sem Stefán birti um Þórberg fimmtugan er í senn afmæliskveðja og fræðirit. Þar eru margar ágætar athuganir um verk Þórbergs og skarplegur samanburður á honum og öðrum höfundum, samanburður sem dregur fram einstæða snilld Þórbergs en einnig takmarkanir hans.

Margir skemmtilegir kaflar eru í þessu riti Stefáns frá honum sjálfum, auk þeirra sem hann dregur fram úr ritum Þórbergs. Í Formála minnst hann á tvö bréf frá Þóbergi, hið fyrra Bréf til Láru, sem honum barst til Finnlands frá Þórbergi sjálfum, þótt ekki væri það beinlínis til hans, og það síðara var svar Þórbergs við fyrirspurnum Stefáns vegna bókmenntasöguskrifanna. Stefán segir:

Hið síðara bréfið barst mér á þakkargerðardagsmorgun 28. nóv. 1934. Þann dag, sem helgaður er minningu hinna amerísku landnámspílagríma, hafði ég ætlað að helga á 100% ameríska vísu með því að fara í bað. Því miður hagleiddi ég ekki þá, að næst bílum, sem í Ameríku eru eins hættulegir lífi og limum og togarar, mótorbátar og róðrarkænur samanlagt á Íslandi, eru baðker einhver sú stórhættulegasta tilfæring, sem Ameríkumenn hafa af hyggjuviti sínu uppfundið. Þetta mátti ég nú sanna á sjálfum mér, er ég féll á baðkersröndina og hálfdrap mig í síðubarðinu. Þá kom konan mín með bréf frá Þóbergi Þórðarsyni, en svo illa haldinn sem ég var, þá var ekki að tala um að stöðva hláturinn, sem brauzt innan sárra rifja og slapp loks af vörunum sem ýlfur og kvein (6).

Eins og við á í afmælisgrein sparar Stefán ekki lofið um Þórberg. Augljóst er að auk hómorsins kann hann vel að meta uppreisnargirni Þórbergs og sannfæringarkraft og deilir skoðunum hans á mörgum efnum. Þó auðvitað ekki öllum, sbr. t.d. umfjöllun hans um Rauðu hættuna, ritið sem Þórbergur birti eftir för sína til Sovétríkjanna 1935. Stefán segir:

Þrátt fyrir allt verð ég að játa, að *Rauða hættan* snerti mig ekki á sama hátt og *Bréf til Láru* og *Eldvígslan* gerðu. Líklega er íslenzkri afdalamennsku minni um að kenna; ef til vill hef ég orðið fyrir of miklum áhrifum af amerísku almenningsáliti til að geta áttað mig á mismuninum á þeim „rússnesku og germönsku týrönnum“ (52–3).

Þetta er mjög kurteislega orðuð áminning til eins af aðdáendum Stalíns, um að Stalín sé engu betri en Hitler.

Hér vinnst ekki tími til að fjalla nánar um þetta skemmtilega rit, en óhætt er að mæla með því við hvern sem er. Það er löngu uppselt en víða til á bókasöfnum.

Stefán birti eins og ég nefndi áðan fjögur umfangsmikil yfirlitsrit yfir íslenska bókmenntasögu eða þætti hennar, og ég verð tímans vegna að láta nægja að fara um þau mjög almennum orðum. *History of Icelandic Prose Writers 1800–1940* er að hluta til byggð á þeim rannsóknum sem birtust í *Skáldaþingi*, en eðli bókanna er ólíkt, í *History* er að vonum miklu meiri almenn menningar- og bókmenntasaga, miklu fleiri höfunda er getið en minna fjallað um hvern hinna merkustu en í *Skáldaþingi*. Í *History of Icelandic Literature* færði Stefán heldur betur út, eða aftur, kvíarnar, nýtt efni miðað við fyrri rit er frá landnámi til 1800. Um miðaldaefnið hafði að vísu verið mikið skrifað og þar var úr miklu að móða, en lítið um tímabilið 1400–1800. Rannsóknir á bókmenntum þess tíma skildu eftir sig spor í ýmsum tímaritsgreinum Stefáns. Aðeins fjórum árum seinna birtist *Íslensk bókmenntasaga 874–1960*. Stofninn er þýðing ensku

bókmenntasögunnar með talsverðum viðbótum auk breytinga sem miðast við annan lesendahóp en hinn alþjóðlega. Það var djarft af Stefáni, sem búið hafði svo lengi fjarri Íslandi, at láta sögu sína ná alveg til nýjasta samtíma, enda vakti sá þáttur ýmiss konar gagnrýni, suma réttmæta, aðra af því tagi sem allar samtímabókmenntasögur fá: „Af hverju var ég ekki með? Af hverju var ekki meira um minn eftirlætishöfund?“ Síðasta yfirlitsverk Stefán var Austfirsk skáld og rithöfundar 1964. Þar er dregið saman úr heimildum mikið efni sem áður hafði ekki birst á prenti. Geysimargra skálda og manna sem skáldaorð fór af er þar getið. Um marga mætti segja eins og Vilmundur Jónsson sagði í bréfi til Stefáns, þar sem hann svaraði fyrirspurn um Berufirðing nokkurn að réttara væri að tala um hann sem smið sem orti en skáld sem var góður smiður.

Stefán Einarsson var alla tíð laus við tilhneigingu sem víða gætti á hans dögum til að draga skýr mörk milli „finna“, viðurkenndra bókmennta og lítils metinna afþreyingarbókmennta. Þannig fjallar hann í History of Prose Writers bæði um revíur og veikburða tilraunir reykvískra höfunda til að skrifa glæpasögur. Þessi aðferð gefur breiðari mynd af bókmenntastarfsemi en umfjöllun sem bundin er við viðurkennd úrvalsverk, en hún takmarkar líka möguleika á nákvæmri umfjöllun um hvern og einn. Samt sem áður gerði Stefán skýran greinarmun á gæðum og mikilvægi verka og hafði næmt auga fyrir því sem sannarlega var snjallt og frumlegt.

Margir háskólakennarar og aðrir fræðimenn temja sér nokkuð hátíðlegan og formfastan stíl sem ekki er alltaf aðlaðandi fyrir venjulega lesendur og veitir lítið svigrúm til gamansemi. Þetta var mjög ríkjandi á dögum Stefáns. En rit hans einkennast af látlausum stíl, og sumar athugasemdir hans eru býsna grallaralegar. Þannig segir hann um Fjölnismennina Jónas og Konráð í grein sem birtist 1935 á hundrað ára afmæli Fjölnis: „Þeir virðast að eðlisfari alveg eins mikið vera *gagnrýnir skarfar* eins og hugsjónaríkir guðspjallamenn nýs boðskapar“ (13). Og þegar hann hefur í annarri grein rætt um lítil afköst

raunsæishöfunda í lok nítjándu aldar, bætir hann við: „Aftur á móti hafði frú Torfhildur Hólm gert öllum þessum mönnum skömm til í vinnubrögðum, *rutt úr sér* tveimur stóreflis skáldsögum ...“ (98). Samhengið sýnir að þetta er ekki sagt Torfhildi til hnjóðs. Í Íslenskri bókmenntasögu segir um Tómas Guðmundsson: „Tómas tilheyrði skáldakynslóð, *sem brast í rómantíska ljóðkveinstafi* rétt upp úr fyrra stríði.“ Þarna gætir sjálfsagt áhrifa frá Þórbergi.

Verk Stefáns Einarssonar bera lengst af vitni vönduðum akdemískum vinnubrögðum, og vald hans á þeim kemur skýrast fram í því sem hann samdi á ensku og var ætlað fræðimönnum og stúdentum. Í bókmenntaskrifum á íslensku tók hann réttilega tillit til þess í framsetningu og frágangi að lesendahópurinn var annar, og þá fær austfirskur húmor hans stundum að njóta sín. Gamansamar athugasemdir nálgast þó stundum í fáránleikastíl í síðustu verkum Stefáns, jafnframt því sem margt smátt er tínt til sem ekki er augljóst að erindi eigi á prent. Sjúkdómur hans mun hafa haft þar áhrif.

Á námsárum Stefáns ríkti við Háskóla Íslands og raunar víðast annars staðar stefna í bókmenntarannsóknum þar sem einkum var leitað skýringa á tilurð verka: hverjar voru heimildir verkanna, hvernig tengdust þau lífsreynslu höfunda og áhrifum annarra bóka á þá? Þetta varð aðferð Stefáns. Hann safnaði efni um höfunda og reyndi að átta sig á því hvernig lífsreynsla, straumar samtímans og aðrir höfundar hefðu mótað þá, en hann gerði vissulega einnig grein fyrir megineinkennum og hugmyndum verkanna. Í bókmenntasögulegum yfirlitsritum, þar sem miklu fleiri verk koma við sögu, hlotnast hverjum höfundi vitaskuld minna rými en í greinum, en að sama skapi er gerð meiri grein fyrir straumum og stefnum, hvernig hægt er að flokka verkin og tengja þau við önnur og við samtíð sína.

Stefáns Einarssonar er ekki oft getið í bókmenntarannsóknum nú á dögum, en spor hans liggja þó víða. Framlag hans er merkilegt, mikið að umfangi, skilaði sínum tíma drjúgum þekkingarauka og átti snaran þátt í

kynningu íslenskra bókmenntia á alþjóðlegum vettvangi. Vonandi getur Breiðdalssetur stuðlað að því að minning Stefáns Einarssonar og verka hans megi lifa.